# Bekkjarnámskrá

# 6. bekkur

# Grunnskólinn á Ísafirði



## Veturinn 2025 - 2026

**Umsjónarkennarar:** Ásdís Rún Ólafsdóttir og Katrín Björnsdóttir
Sérkennari: Iwona Maria Samson
Íslenska sem annað tungumál: Magnúsína Laufey Harðardóttir
Stuðningsfulltrúi: Kristinn Hallur Jónsson

**Námstilhögun og kennsluaðstæður:**
Í 6. bekk eru 29 nemendur í einum bekk, 6. KÁ.
Umsjónarstofur 6. KÁ er 217 og 218.

**Námsmat:**
Framkoma, ástundun, vinnubrögð, verkefni, vinnubækur, kannanir og próf eru metin til einkunna eftir bókstafakvarða A-B-C-D. Nemendur og foreldrar geta fylgst með framvindu námsins á www.mentor.is




***ÍSLENSKA***
***6* kennslustundir á viku**

**Kennarar:** Ásdís Rún Ólafsdóttir og Katrín Björnsdóttir.

**Markmið:** Að nemendur:
- auki orðaforða og efli les- og málskilning.
- vinni með algeng orð og orðtök og geti notað þau í daglegu tali
- geti greint aðalatriði í texta og endursagt/ritað stutta kafla
- þekki nafnorð, lýsingarorð og sagnorð og helstu einkenni þeirra
- þekki stofn orða og geti nýtt sér hann við réttritun
- nái að lesa 175 orð á mín. að vori í hraðlestri
- temji sér að tala skýrt og greinilega við öll tækifæri
- þjálfist í að hlusta á upplestur á sögum, ljóðum og leikritum.
- skrifi tengda og skýra skrift, nái góðum skriftarhraða og þrói persónulega rithönd
- fáist við fjölbreytt ritunarverkefni og þjálfist í að skrá atburði úr eigin lífi og fréttum
- lesi fjölbreytta bókmenntatexta og ýmis ljóð
- kynnist ljóðum og íslenskum ljóðskáldum og læri valin ljóð utanbókar.

**Námsefni:** Annar Smellur, Málrækt 2, Söguskinna, Orðspor 2 lesbók og vinnubók, gagnvirkur lestur, og ýmis verkefni frá kennurum er varðar ritun og málfræði. Skrift 4 - 6 ásamt ýmsum bókum að eigin vali.

**Námsmat:** Lesfimipróf verða þrisvar yfir skólaárið.
Lesskilningspróf (Orðarún) verður lögð fyrir á haustönn og vorönn.
Fjölbreytt námsmatsverkefni verða lögð fyrir jafnt og þétt yfir skólaárið til þess að meta stöðu og framfarir nemenda– mismunandi efnisþættir hverju sinni.

## *STÆRÐFRÆÐI*

**6 kennslustundir á viku**

**Kennarar:** Ásdís Rún Ólafsdóttir og Katrín Björnsdóttir.

**Markmið:**

Að nemendur

- Átti sig á notagildi stærðfræði í daglegu lífi og geti beitt ólíkum leiðum og notað hjálpargögn við reikning.
- Þjálfist frekar í reikniaðgerðunum fjórum
- Efli skilning sinn á almennum brotum og geti beitt henni við viðfangsefni í daglegu lífi
- Kynnist gráðum sem mælieiningu fyrir horn og þjálfist í að nota gráðuboga
- Kanni eiginleika þríhyrninga og geti teiknað þá með gefnum stærðum
- Kynnist mismunandi mælieiningum og læri að lesa úr töflum

**Námsefni:** Stika 2a og 2b, nemendabækur og æfingahefti, ásamt ítarefni frá kennurum.

**Kennslutilhögun:** Nemendur vinna samkvæmt áætlunum frá kennara, nemendur vinna á sínum hraða, eftir sinni getu en þó er lágmarksvinna í hverri viku.

**Námsmat:** Símat; kannanir eftir námskafla.

## SAMFÉLAGSFRÆÐI

**3 kennslustundir á viku**

**Kennarar***:* Ásdís Rún Ólafsdóttir og Katrín Björnsdóttir.

**Kennslutilhögun:** Landafræði (Norðurlönd) kennd fyrri hluta vetrar. Íslandssaga kennd seinni hluta vetrar.

**Íslandssaga:** Miðaldafólk á ferð

**Landafræði:** Norðurlönd, lesbók og vinnubók. Kortabók fyrir grunnskóla ásamt myndböndum.

**Markmið:** Að nemendur

geri sér grein fyrir hvernig sagan birtist í textum, munum, hefðum og frásögnum
kynnist helstu einkennum víkingatímabilsins, þróun þess, sögu, siðum og áhrifum

- kynnist landnámi Íslands og myndun og þróun íslensks þjóðfélags
- kynnist íslensku miðaldarsamfélagi
- notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga
- að nemendur þekki Norðurlöndin, einkenni hvers lands og helstu staðhætti

- leiti á margvíslegan hátt upplýsinga um það sem tengist námsefninu
- geti sett upplýsingar fram á mismunandi máta.

**Námsmat:** Símat, kaflapróf, ákveðin verkefni og vinnubækur metin til einkunnar.

## NÁTTÚRUFRÆÐI
**3 kennslustundir á viku**

**Kennarar:** Ásdís Rún Ólafsdóttir og Katrín Björnsdóttir.

### LÍFVÍSINDI
**Markmið:** Að nemendur þekki mismunandi gróðurlendi og lífríki þeirra.
**Námsefni:** Náttúrulega 2.
**Námsmat:** Kannanir eftir ákveðna námsþætti, vinna og ástundun.

### EÐLISVÍSINDI
**Markmið:** Að nemendur
- þekki og geti unnið með hugtökin: Hraði, vegalengd, tími og hröðun.
- þekki sólkerfi jarðarinnar og gang himintungla
- þekki ýmis tæki og vélar
- þjálfist í að beita vísindalegum vinnubrögðum og setja fram niðurstöður sínar á skýran hátt.

**Námsefni**: Náttúrulega 2.
**Námsmat:** Kannanir eftir ákveðna námsþætti, vinna og ástundun.

## LÍFSLEIKNI
**1 kennslustundir á viku**

**Kennarar:** Ásdís Rún Ólafsdóttir og Katrín Björnsdóttir.
**Markmið:** Að nemendur
- geri sér grein fyrir mikilvægi heilbrigðra lífshátta
- öðlist færni í mannlegum samskiptum
- átti sig á gildi laga og reglna í samfélaginu.

**Námsefni:** Uppbyggingarstefnan, Olweusaráætlun gegn einelti, Ég og sjálfsmyndin og efni útbúið af kennurum. Leiðsagnarnám verður ofið inn í allt skólastarf. Lífsleiknin verður samþættuð öðrum greinum eftir því sem við verður komið.
**Námsmat:** Ekkert formlegt námsmat.

**ENSKA**
**2 kennslustundir á viku**

**Kennarar:** Victoria Rose Germono De Vera og Katrín Björnsdóttir.
**Markmið:** Að nemendur séu færir um að taka þátt í samskiptum innan kennslustofunnar og geti lesið einfaldan texta af margvíslegum toga. Skrifað orð og stuttar setningar.
**Námsefni:** Yes we can 5
**Námsmat:** Símat.

**Danska**
**1 kennslustund á viku**

**Kennarar:** Áróra Hrönn Skúladóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir
**Markmið:** Að nemendur geti skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi. Geti lesið og skilið stuttan texta með grunnorðaforða daglegs lífs sem tengist aðstæðum og áhugamálum. Skrifað orð og stuttan texta.
**Námsefni:** Ýmis verkefni frá kennara. Start les og vinnubók.
**Námsmat:** Símat

**Upplýsingatækni**
**1 kennslustund á viku**

**Kennarar:** Ásdís Rún Ólafsdóttir og Katrín Björnsdóttir.
**Markmið:** Að nemendur:

- geti notað safn, tölvur og netið til upplýsingaöflunar og verkefnavinnslu,
- læri fingrasetningu á lyklaborði,
- kynnist helstu forritum á borð við ritvinnsluforrit, töflureikni og glærugerðarforrit,
- geti nýtt hugbúnaðarforrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna,
- geti rætt og útskýrt á gagnrýninn hátt eigið upplýsinga og miðlalæsi,

**Námstilhögun:**
Kennt er í tölvuveri skólans, kennslustofum.
**Námsefni:** Ýmsar bækur, tölvur og netið.
**Námsmat**: Verkefni nemenda metin jafnt og þétt ásamt virkni í kennslustundum. Einnig sérstök námsmatsverkefni og fingrasetning.

## ÍÞRÓTTIR
## 3 kennslustundir á viku, íþróttir 2 stundir og sund 1 stund

**Kennarar:** Íþróttir : Árni Heiðar Ívarsson, Lillý Viðarsdóttir
Sund: Sigríður Guðjónsdóttir

**Markmið:** Að efla líkamsþroska og bæta heilsu nemenda og vekja hjá þeim áhuga á reglubundinni íþróttaiðkun og líkamsrækt.

**Námstilhögun:** Árgangurinn fær 2 samliggjandi tíma á viku í íþróttum. Í sundi eru tveir hópar einu sinni í viku.

**Námsmat:** Símat, auk þess er mæting, framkoma og virkni metin til einkunnar.

## Hringekja

## HEIMILISFRÆÐI

**Kennari:** Guðlaug Jónsdóttir.

**Kennslustaður:** Heimilisfræðistofa 119.

**Námstilhögun:** Hringekja, þrír hópar. Þrjár kennslustundir á viku, tvær samliggjandi og ein stök. Hver hópur fær tvö tímabil á vetri í hverri grein.

**Námsefni:** Gott og gagnlegt 2, Ráðleggingar frá embætti lanndlæknis um mataræði.

**Markmið:**
Að nemendur:

- Læri um heilbrigða lífshætti almennt - mataræði, hreyfing, hvíld, andleg og félagsleg heilsa og tengsl þessara þátta við góða heilsu.
- Geti skilið og lært á einfaldan hátt ráðleggingar um mataræði frá embætti landlæknis.
- Geti farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu matreiðslu.
- Geti matreitt einfaldar og hollar máltíðir og séu meðvitaðir um mikilvægi hollustu.
- Geti unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld.
- Læri að þekkja slysahættur í eldhúsi - varnir og viðbrögð.
- Læri um hugtakið kolefnisspor með tilliti til matvæla
- Læri um helstu hugtök í næringarfræði.

**Námsmat:** Nemendur fá gefin tákn sem tengjast hæfniviðmiðum. Áhersla á leiðsagnarmat. Lokaeinkunn í formi bókstafs gefin að vori.

## TEXTÍLMENNT

**Kennari:** Kjartan Ágúst Pálsson

**Kennslustaður:** Textílmenntarstofa

**Markmið:** Að nemendur læri rétt vinnubrögð og notkun handverkfæra í saumastofu og þjálfist í að nota saumavél.

**Námstilhögun og kennsluaðstæður:**

Árganginum er skipt í 3 hópa. Kennt er í hringekju og fær hver hópur 3 kennslustundir á viku. Kennt er að sauma krosssaum, fléttusaum, augnsaum og demantsspor. Nemendur læra að hekla og gera lítið stykki að eigin vali. Saumavél er notuð til að sauma púða með útsaumstykkinu á og er lögð áhersla á að nemendur séu sjálfbjarga með notkun saumavélar.

**Námsmat.** Verkefni og vinnubrögð eru metin í hverjum tíma og samantekt er lok tímabils. Einkunn er gefin að vori.

## TÆKNIMENNT

**Kennari:** Jón Heimir Hreinsson
**Kennslustaður:** Smíðastofa
**Markmið:** Valið og notað á réttan hátthelstu verkfæri og mælitæki.
- Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa uppmálsetta vinnuteikning.
- Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.
- Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum.
- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.

**Námstilhögun og kennsluaðstæður:**

Árganginum er skipt í 3 hópa. Kennt er í hringekju og fær hver hópur 3 kennslustundir á viku þriðjung vetrar.

**Námsmat.** Verkefni og vinnubrögð eru metin í hverjum tíma og samantekt er lok tímabils. Einkunn er gefin að vori

## Myndmennt

**Kennari:** Solveig Edda Vilhjálmsdóttir og Ásdís Rún Ólafsdóttir.
**Kennslustaður:** Myndmenntastofa og stofa 218
**Markmið:**

- gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.
- nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun,
- tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu,
- gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.
- notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun,
- fjallað um eigin verk og verk annarra í virku samtali við aðra nemendur,
- greint og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu,
- tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu,
- greint og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu,

**Verkefni:** Teikning, veggspjald, myndmál, fjarvídd og þrívídd

**Námstilhögun:** Árganginum er skipt upp í 2 hópa.
**Námsmat:** Markmið metin við lok hverrar lotu. Lokaeinkunn byggist á símati og sjálfsmati.

## Samskipti heimila og skóla

Kennarar bekkjarins eru ekki með fasta símatíma en hægt er að skilja eftir skilaboð hjá ritara.
Auk þess geta foreldrar sent kennurum tölvupóst á eftirfarandi netföng:
Ásdís Rún Ólafsdóttir asdisol@isafjordur.is
Katrín Björnsdóttir katrinbj@isafjordur.is

Foreldradagar eru auglýstir á skóladagatali og verða áréttaðir í vikuáætlunum og á heimasíðu skólans http://grisa.isafjordur.is.

**Veikindi þarf að tilkynna til ritara hvern veikindadag. Þeir nemendur sem eiga að horfa á í íþróttum þurfa að koma með það skriflegt að heiman.**

**Símanúmer skólans er 450 8300**